

Nr. 029 / 09 Erlingur SF 65***Skipverji slasast á hendi við netadrátt***

Skipaskr.nr. 1379
Smíðaður: Akureyri 1974
Stærð: 142,2 brl. 232 bt.
Mesta lengd: 31,47 m Skráð lengd: 28,13 m
Breidd: 6,68 m Dýpt: 5, m
Vél: Caterpillar 552 kW, 1974
Fjöldi skipverja: 11



Erlingur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. mars 2009 var Erlingur SF 65 að draga þorskanet skammt vestan við Surtsey. Veður A – kaldi og sléttur sjór.

Netatrossa sem verið var að draga var föst í botni og tók einn skipverjinn um netateinana, innan við rúlluna, en þá runnu þeir til í dráttarskífunni og drógust snögg út um rúlluna. Hendur skipverjans fylgdu teinunum og við það klemmdust fingur undir þeim á rúllunni.

Eftir skoðun á hendinni ákvað skipstjóri að leita aðstoðar og kom björgunarskipið Þór á móti skipinu og flutti slasaða til Vestmannaeyja þar sem honum var komið á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að snúningur hafði komið á netin og flotteinninn lent undir blýteininum í dráttarskífunni svo þau voru dregin að megin þunga á flotteininum. Slasaði sem var rúllumaður taldi nauðsynlegt að koma blýteininum undir. Hann greip því um teinana og snéri upp á þá og beið eftir að snúningurinn færi inn í skífuna;
- að mikill afli var í netunum og lenti einn fiskur undir teinunum í afdráttarkarlinum svo hann hætti að draga af dráttarskífunni og slaki myndaðist á teinunum á milli hans og skífunnar. Þegar afdráttarkarlinn

dró ekki af skífunni minnkaði grip hennar með fyrrgreindum afleiðingum og slakinn rann út þar til afdráttarkarlinn tók í að nýju;

- að slasaði sem var rúllumaður átti meðal annars að sjá til þess að draga netin á blýteininum því hann er mun sterkari. Það er illmögulegt öðruvísi en koma snúningi á teinana á meðan dregið er og þarf stundum að gera þetta oft í drætti hveirrar trossu;
- að dráttarskífan var sögð óslitin og grip hennar í góðu ástandi;
- að neyðarstöðvun á spili virkaði en hún er við spilið og út við lunningu er stjórnloki þar sem hægt er að stöðva spilið með löppinni;
- að slasaði var fastur undir teinunum þar sem spilið gat ekki híft því netin voru föst í botni;
- að annar skipverji ætlaði að slaka spilinu eða skera á teininn en þá losnaði skipverjinn þar sem átakið hafði minnkað;
- að vegna athugasemda við drög að lokaskýrslu leitaði nefndin til sérfróðs aðila um netaveiðar. Var hann sammála niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndarálit:

Nefndin telur að óvarlegt hafi verið að halda um netateinana við þessar aðstæður þar sem trossan var föst í botni.